

FRÆÐSLUHERFERÐ UM STAFRÆNT KYNFERÐISOFBELDI OG 112 APPIÐ

UPPLÝSINGAR OG LEIÐBEININGAR FYRIR FORELDRA OG FORRÁÐAMENN
SKÓLAÁRIÐ 2021-2022

Til foreldra og forráðamanna barna í 8. bekk grunnskóla.

Stjórnvöld hafa falið ríkislögreglustjóra að vinna gegn stafrænum birtingarmyndum ofbeldis. Auk þess að hefja markvissa þjálfun lögreglumanna í að fást við stafræn brot og bætta aðstoð fyrir þolendur er í samstarfi við Neyðarlínuna haldin fræðslu- og forvarnarherferð meðal ungmenna í 8. bekk.

Herferðin fjallar um stafrænt ofbeldi og gildi samþykkis í stafrænum og kynferðislegum samskiptum. Verkefnið er unnið í samvinnu við lögregluembætti á landsvísu, Samband Íslenskra sveitarfélaga og **stýrihóp** um framfylgd forvarnaráætlunar meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

HVAÐ ER UM AÐ RÆÐA?

Barnið þitt mun sjá fræðsluefni í skólanum. Allir skólar með unglíngadeild fá kynninguna en hún er einnig aðgengileg á **þessari slóð**. Þar opnast glærusýning, en það þarf að smella á glærana til að fletta yfir á þá næstu. Myndbandið, sem er kjarninn í fræðslunni er á íslensku, en er bæði aðgengilegt með pólskum og enskum texta.

EFNI FRÆÐSLUNNAR SEM BEINIST AÐ 8. BEKK:

- Samþykki er lykilatriði í öllum stafrænum samskiptum og það má ekki útbúa eða dreifa viðkvæmu efni stafrænt nema með samþykki.
- Samþykki er kjarninn í öllum kynferðislegum samskiptum.
- Við berum ábyrgð á því sem við gerum á netinu, þó hún sé mismunandi eftir því á hvaða aldri við erum. Það er margs konar ábyrgð, ekki aðeins refsíábyrgð.
- **Það verður að tilkynna brot. Það verður best gert til 112: í appinu, á vefnum eða í símtali.**
- Mikilvægt er að sinna öryggi á sínum og í öllum stafrænum samskiptum.

AF HVERJU NEMENDUR Í 8. BEKK?

SAFT sinnir fræðslu á fyrsta stigi og miðstigum skóla um netöryggi og stafræn samskipti. Í mörgum skólum er **kynfræðsla** á **unglingastigi**. Niðurstöður **Rannsóknna og greininga** benda til þess að veruleg aukning verði í klámneyslu stráka í 9. bekk og þá aukist einnig þrýstingur á stelpur að deila kynferðislegu myndefni. Í 8. bekk eru nemendur almennt nógu gamlir til þess að nota samfélagsmiðla (**viðmiðið er 13 ára**) og líklegast er það einnig á þeim aldri sem unglíngar á Íslandi fara að nota síma án fjölskyldustillinga. Þetta er því kjörinn aldur til þess að ræða við nemendur um ábyrgð í stafrænum samskiptum.

112 APPIÐ

Nemendur, aðstandendur þeirra og starfsfólk skóla eru hvött til þess að hlaða niður nýju og endurbættu appi 112. Það er bæði til fyrir **Android** og **iPhone**. Appinu er ætlað að auðvelda öllum, sérstaklega ungu fólki, að tilkynna atvik til neyðarvarðar sem kemur tilkynningum áfram til barnaverndar eða lögreglu eftir því sem við á.

Áfram verður hægt að hringja í 112 og á **vef 112** er einnig hægt að tilkynna um brot eða óska eftir aðstoð vegna brota gegn börnum.

NÆSTU SKREF

Það er nauðsynlegt að tryggja að börn og ungmenni skilji mikilvægi samþykkis í kynferðislegum og stafrænum samskiptum. Hlutverk foreldra og forsjáraðila má heldur ekki vanmeta í þessu samhengi, enda eru stafræn samskipti komin til að vera í nútímasamfélagi.

Á 112.is má finna gagnlegar upplýsingar sem tengjast efni fræðslunnar og foreldrar geta stuðst við. Þar má til dæmis finna ráð um **viðbrögð vegna stafrænna brota gegn börnum, fræðslu fyrir unglinga um ofbeldi**, upplýsingar um **úrræði fyrir þolendur og gerendur kynferðisbrota, velferð barna** og almenn ráð um **netöryggi** svo eitthvað sé nefnt.

Á næstu mánuðum verða haldnir svæðisbundnir stafrænir foreldrafundir með lögreglunni til þess að fylgja eftir efni fræðslunnar. Nánari upplýsingar um tímasetningar þessara funda verða tilkynntar í samstarfi við skólastjórnendur.

Með von um örugg stafræn samskipti og gott samstarf, fyrir hönd embættis ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar,

Dr. María Rún Bjarnadóttir

Verkefnisstjóri gegn stafrænu ofbeldi



Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið

